

Framtíð lands - framtíð þjóðar

Kæru samherjar, kæru vinir.

Velkomin til landsfundar.

Það er mér mikið ánægjuefni að sjá ykkur svo mörg hér í dag, fleiri en nokkru sinni fyrr, hátt á annað þúsund. Landsfundir Samfylkingarinnar hafa orðið fjölmennari og þróttmeiri í hvert skipti sem þeir eru haldnir. Það endurspeglar Samfylkinguna sjálfa sem hefur aldrei staðið styrkari fótum hvað varðar skipulagt starf og stefnu.

Fjöldinn sem hér er samankominn er til marks um að þeir sem í raun og sann aðhyllast jafnaðarstefnuna skynja mikilvægi þess að standa saman. Við erum hingað komin til að sýna og sanna að við erum sterk saman.

Það er ánægjulegt að sjá hér í salnum mikið af nýju fólki á öllum aldri. Það er ekki síður ánægjulegt að sjá hér gamalkunnug andlit þeirra sem voru merkisbera íslenskrar jafnaðarstefnu í áratugi.

Verið öll hjartanlega velkomin til þessa fundar.

Þessi landsfundur Samfylkingarinnar er baráttufundur hinnar glöðu og góðu baráttu. Baráttufundur okkar allra, því í dag er réttur mánuður til kosninga; kosninga þar sem allt er mögulegt.

Undir yfirskriftinni framtíð lands – framtíð þjóðar tókum við í dag einbeitta stefnu á jafnvægi og framfarir Íslandi til heilla og þá alveg sérstaklega hinu unga Íslandi, öllum börnum landsins jafnt.

Við vitum og finnum í hjarta okkar knýjandi þörf til að efla íslenskt samfélag til nýrra dáða án þess að skilja nokkurn eftir, svo öruggt verði og hafið yfir allan vafa að allir fái jöfn tækifæri, að fólkinu í landinu sé sýnd virðing ævina á enda, að mannhelgin sé virt, að í okkar fagra landi verði allir ávallt með.

Við vitum og finnum í hjarta okkar að þetta er erindið mikla, um þetta snýst hin góða barátta sem við færum fram með gleði og af bjartsýni og baráttuhug sem aldrei bilar af því við þekkjum styrk okkar. Við vitum hvað við viljum, við vitum hvert við stefnum: Við erum jafnaðarflokkur Íslands og við höfum verk að vinna.

Styrkur íslensks samfélags felst þeirri samstöðu sem fylgir smæðinni, í því að við erum bara 300 þúsund. Hver og einn einstaklingur skiptir máli. Þess vegna er meginatriði að allir komist til manns, að öll börn fái tækifæri til að nýta hæfileika sína til fulls, að ekkert ungmenni fari í súginn. Þess vegna verðum við að finna leiðir til að mennta allt okkar unga fólk og endurmenntun fyrir hina sem aldrei fengu tækifæri.

Samskipti fólks á Íslandi hafa ekki verið mörkuð af alda- og áratuga hefð fyrirfram gefinnar stéttar og stöðu, auðs eða fátæktar. Við höfum samskipti sem jafningjar – ekki upp fyrir okkur eða niður fyrir okkur. Þetta er galdurinn í íslensku samfélagi.

Þetta er heimanmundurinn okkar – þetta er það sem situr í hryggjarsúlu þess fólks sem hefur staðið fyrir íslensku útrásinni á sviði viðskipta og menningar.

Þessu megum við ekki glata og þess vegna verðum við að standa vörð um jöfnuðinn í íslensku samfélagi. Framtíð lands og framtíð þjóðar er undir því komin. Við eigum að verða samferða inn í framtíðina því við erum of lítil og of rík fjölskylda til að það sé hægt að sætta sig við að einhver sé skilinn eftir.

Að baki er kjörtímabil mikilla pólitískra sviptinga á Íslandi.

Í landinu hafa risið harðari deilur en dæmi eru um í langan tíma, deilur þar sem stjórnarflokkarnir eru í aðalhlutverki. Nægir þar að nefna Íraksmálið, eftirlaunamálið, fjölmiðlamálið, olíusamráðið, Baugsmálið, einkavæðinguna og nú síðast auðlindamálið. Mörg þessara mála eru komin út fyrir athafnasvið stjórnmalanna – en ekki öll.

Tvö mál eru enn eins og fleinn í holdi þjóðarinnar.

Annars vegar er Íraksmálið sem var siðlaus ákvörðun tekin í óðagoti. Samfylkingin hefur þá staðföstu skoðun að það eigi að verða verk nýrrar ríkisstjórnar að taka Ísland út af lista hinna vígfúsu þjóða.

Hins vegar eftirlaunamálið. Í árslok 2003 var friður rofinn í íslensku samfélagi með lagasetningu sem færði ráðamönnum ríkisins eftirlaun langt umfram það sem almennt gerist. Kæru félagar. Ég var andsnúinn þessu frá upphafi og ég mun beita mér fyrir því að hinum umdeildu lögum verði breytt og meira jafnræði komið á í lífeyrismálum ráðamanna og almennings.

Að baki er líka kjörtímabil mikils óstöðugleika í efnahagsmálum.

Kosningavíxlar ríkisstjórnarinnar, sem skrifað var upp á fyrir síðustu kosningar, hafa fallið einn af öðrum á þá sem síst skyldi: skuldsett heimili unga fólksins, fólkið með meðaltekjur, ykkur sem hér sitjið, nágretta ykkar, fjölskyldur og samstarfsfólk.

Reikningurinn sem ríkisstjórnin sendir heimilunum í landinu bara á þessu ári vegna verðbólgu og ofurvaxta er ríflega 38 milljarðar. Greiðslubyrði hvers heimilis hækkar að meðaltali um 500 þúsund krónur vegna hagstjórnarmistaka ríkisstjórnarinnar. Verst kemur þetta við þá sem úr minnstu hafa að spila.

Ríkisstjórnarflokkarnir vilja ekki ræða þessa staðreynd og vísa til þess hversu mjög kaupmáttur hafi aukist að meðaltali í þeirra tíð. Það er ekki skynsamlegt fyrir stjórnarherrana að stinga höfðinu í sandinn og neita að horfast í augu við afleiðingar þess sem þeir hafa gert ranglega á þessu kjörtímabili. Váboðarnir eiga þó að vera öllum ljósir og kaupmáttaraukningin verður fljótlega uppurin ef svo heldur fram sem horfir.

Ekkert bendir heldur til þess að ríkisstjórnarflokkarnir hafi nokkur áform uppi um að slá á þensluna í hagkerfinu. Þeir stefna ótrauðir áfram að stórfelldum virkjana- og stóriðjuáformum, þeir lofa skattalækkunum og útgjaldaloforðin sem þeir hafa stráð í kringum sig á undanförunum vikum nema um 400 milljörðum króna. Þau loforð hafa ekki verið gefin á landsfundum heldur á þingfundum, hátíðarfundum og blaðamannafundum.

Nú í vikunni kynnti Samfylkingin rit sitt um ábyrga efnahagsstefnu sem ber titilinn „Jafnvægi og framfarir“. Það var unnið af hópi sérfræðinga úr okkar röðum undir öruggri forystu Jóns Sigurðssonar, fyrrverandi ráðherra og Seðlabankastjóra. Það rit er til marks um hvernig Samfylkingin vinnur, hvernig við mótum pólitík. Við höfum ekki bara skoðun heldur mótum skýra stefnu á grundvelli bestu fánlegu vitneskju. .

Við erum metnaðarfullt baráttufólk fyrir betra samfélagi. Við vitum hvað við viljum og hvernig á að koma hlutunum í verk. Í íslenskum stjórnámálum er of mikið hrópað en of lítið hugsað. Fólkið í landinu á betra skilið. Það á skilið lausnir sem virka. Þess vegna á Samfylkingin brýnt erindi í ríkisstjórn.

Í dag tókum við einbeitt stefnuna á jafnvægi og framfarir Íslandi til heilla. Jafnvægi í efnahagsmálum er forsenda þess að fólk og fyrirtæki geti kvíðalaust gert áætlanir um dagleg fjármál og fjárfestingar til framtíðar. Framfarir eru forsenda lífsgæðanna sjálfra. Það er kominn tími til að Íslendingar sjái á ný framfarir á sviði velferðar en einmitt þar eru vanrækslusyndir ríkisstjórnarinnar mestar.

Við erum sammála ýmsu sem ríkisstjórnin hefur gert – við skulum ekki halda öðru fram. Hún hefur fylgt eftir frumkvæði jafnaðarmanna um opnun landsins með aðildinni að innri markaði Evrópu, hún hefur skapað viðskiptalífínu sveigjanlegra umhverfi og leyst þar ýmsa krafa úr læðingi. En hún hefur vanrækt aðkallandi verkefni af því hún hefur ekki séð þau. Það er ekki vítt útsýnið af sjónarhóli hægri stefnunnar.

Vitnisburðurinn um algert úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar í velferðarmálum blasir hvartvetna við okkur. Barnabætur voru skornar niður árum saman og svo hart er keyrt í tekjutengingum að þær byrja að skerðast við 95 þúsund króna tekjur hjá einstæðri móður. Skattleysismörk hafa lækkað og skattbyrði lífeyrisþega og láglaunafólks þyngst. Vaxtabætur hafa ekki haldið í við hækkandi fasteignaverð, lífeyrir Tryggingarstofnunar hefur ekki fylgt almennri launapróun og lífeyrisþegar dregist aftur úr öðrum í kjörum.

60% aldraðra eru með tekjur undir 140 þúsund á mánuði og 5300 börn í landinu búa við fátækt.

Sárast er að verða vitni að því að almannatryggingarnar, sem var stofnað til fyrir 70 árum af íslenskum jafnaðarmönnum, standa ekki lengur undir nafni. Þær hafa verið gerðar að skrifræðisbákni sem er almenningi oftast en ekki til angurs og ama. Það verður okkar verkefni að endurreisa þær, gera þær aftur að almannatryggingum.

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa fært fram þau rök að verulegir fjármunir renni engu að síður til heilbrigðis – og velferðarmála. Og það er alltaf rætt um krónur og aura þegar velferðin er annars vegar. Það er þó enginn mælikvarði á hvernig til hefur tekist. Eini mælikvarðinn sem eitthvert gildi hefur er sá sem mælir vellíðan og betri þjónustu við fólkið.

Þegar fólk er spurt: er velferðarþjónustan betri en hún var fyrir 12 árum? Er heilbrigðiskerfið betra, fá aldraðir betri þjónustu, eru lífeyriskjörin betri, er tryggingakerfið einfaldara og betra, eiga öryrkjar auðveldara líf, en atvinnulausir? Þekkið þið einhvern sem getur borið vitni um að velferðarþjónustan hafi batnað?

Svarið við þessari spurningu er einfalt og er hægt að setja fram í þremur orðum: biðlistar, biðlistar, biðlistar. Eftir hjúkrunarrýmum, eftir hjartaaðgerðum, eftir búsetu

fyrir geðfatlaða, eftir greiningu á geðröskunum barna, eftir úrræðum fyrir þau, eftir sérkennslu. Það skortir lausnir.

Ég veit hvað það er að eyða biðlistum sem Sjálfstæðismenn hafa safnað upp. Við gerðum það í Reykjavík og við munum gera það aftur. Við munum sjá til þess að á fyrstu tveimur árum í ríkisstjórn verði byggð 400 ný hjúkrunarrými fyrir aldraða og biðlistanum eytt. Ég hef sagt þetta áður, ég ítreka það í dag. Þetta verður algjört forgangsmál í nýrri ríkisstjórn okkar jafnaðarmanna.

Ágætu félagar.

Minna fé er varið hlutfallslega til menntamála á Íslandi en á nokkru hinna Norðurlandanna. Tækifæri vinnandi fólks til náms eru of takmörkuð og þriðjungur fólks á vinnumarkaði hefur ekki notið framhaldsmenntunar.

Brottfall úr framhaldsskólum er mun meira en annars staðar af því unga fólkið okkar finnur ekki menntaleið við sitt hæfi. Þetta er bæði sóun á hæfileikum þessara einstaklinga og kemur niður á samfélaginu sem fer á mis við þann hagvöxt sem fylgir góðri menntun íbúanna og skynsamlegri nýtingu mannauðsins.

Við í Samfylkingunni erum sannfærð um að allir geta lært – og við eigum aldrei að gefast upp við að virkja hæfileika barna og ungmenna, þrátt fyrir misþroska, einhverfu, lesblindu, ofvirkni – allir geta lært og við megum ekki láta það gerast að barn fái ekki notið sín af því það fékk ekki kennslu við hæfi.

Við eigum að tryggja raunverulegt jafnræði allra atvinnugreina og búa betur í haginn fyrir framtíðina. Einsýni hefur ríkt í atvinnumálum. Nýjar atvinnugreinar, sprota- og hátæknifyrirtæki hafa átt erfitt uppdráttar á Íslandi á undanförunum árum vegna hárra vaxta og gengissveiflna.

Engar fjárfestingar eru svo aðbærar að þær standi undir íslenskum vaxtakjörum eins og fram kom hjá forstjóra Marels á fundi Samfylkingarinnar á miðvikudaginn.

Ójafnvægið í efnahagsmálum og vanrækslusyndirnar eru til marks um að þessi ríkisstjórn þriggja mismunandi forsætisráðherra hafði því miður aldrei yfirsýn yfir verkefni sitt, hún hafði ekki skýr markmið og hringlandaháttur einkenndi ákvarðanir.

Við í Samfylkingunni horfum til annarrar og betri framtíðar. Stefna okkar er skýr og tær lausnapólitík. Við erum hið raunsæja baráttufólk nýs tíma. Við erum íslenski lýðræðisflokkurinn. Flokkur jafnaðarstefnunnar.

Samfylkingin leggur áherslu á ábyrgð í efnahagsmálum og sýnir fram á hvernig jafnvægi og framförum verði náð með ábyrgri efnahagsstjórn. Efnahags- og umhverfisstefna Samfylkingarinnar skapar svigrúm fyrir fjárfestingu í samgöngumálum og félagslegum úrbótum um leið og dregið er úr þenslu.

Með því að gera hlé á virkjana- og stóriðjuáformum er hægt að draga úr fjárfestingum opinberra orkufyrirtækja um tugi milljarða á næstu árum. Með þessum hætti má skapa rými í hagkerfinu fyrir arbærar fjárfestingar í innviðum sem hafa setið allt of lengi á hakanum.

Þannig skapast líka rými til að rétta af það mikla misgengi sem hefur verið milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar á undanförunum árum. Samfylkingin mun nýta

það til að vinna að framgangi nýrrar byggðastefnu sem er raunsæ og skilar árangri með fjárfestingu í samgöngum, fjarskiptum og menntun á landsbyggðinni.

Tillaga Samfylkingarinnar, um að skilgreina störf án staðsetningar, hefur líka hvarvetna vakið mikla athygli. Þetta er lausn sem gefur fjölda fólks frelsi til að velja sér og fjölskyldu sinni búsetu og njóta þeirra lífsgæða sem landsbyggðin hefur að bjóða. Á næsta kjörtímabili á að vera hægt að auglýsa 1200 störf án staðsetningar laus til umsóknar.

Samfylkingin er eini flokkurinn sem setur fram hugmyndir um endurbætur á öllu skipulagi hagstjórnarinnar. Hér skipta hin virku samráðsstjórnsmál mestu máli en hvorki handafl né handbrensur. Við munum taka upp öflugt samstarf við aðila vinnumarkaðarins um sameiginleg markmið í hagstjórn og stefna að víðtækri þjóðarsátt um efnahags- og félagsmál.

Samfylkingin er eini flokkurinn sem skynjar mikilvægi þess fyrir hagstjórnina að hafa það sem sjálfstætt markmið að setja stefnuna á inngöngu í Evrópusambandið og upptöku Evru. Þannig má skapa íslensku atvinnulífi og ungu fólki enn frekari tækifæri í þekkingarsamfélagi heimsins. Þetta er hin eina sanna þjóðrækni en ekki hitt að festa þjóðlífið í gamla fjötra.

Samfylkingin er eini flokkurinn sem hefur sett fram heilstæða stefnu í málefnum barna og ungmenna. Við getum með stolti borið fram í dag stefnuna okkar um Unga Ísland, stefnu fyrir börnin, fólkið sem fær ekki að kjósa í vor en skiptir samt mestu máli.

Unga Ísland er ávísun á árangur, sextíu skref sem íslenska þjóðin hefur öll efni og ástæðu til að taka fyrir börnin í landinu okkur öllum til heilla. Slík stefnuskrá hefur ekki sést áður í íslenskum stjórnsmálum. Fögnum því. Segjum fólki frá henni.

Samfylkingin er eini flokkurinn sem veit hvernig á að fara að því að minnka kynbundinn launamun. Við gerðum það í Reykjavík, við minnkuðum hann um helming. Við getum gert það aftur – nú hjá ríkinu. Verkefnið þolir enga bið.

Kynbundinn launamunur hjá ríkinu er jafn mikill árið 2007 og hann var árið 1995 þegar þessi ríkisstjórn tók við. Þeir lofuðu að minnka muninn en efndirnar eru engar.

Við viljum afnema launaleynd og endurmeta hefðbundin kvennastörf til launa. Það er tímabært að verk „vinnukvenna kerfisins“ verði metin að verðleikum.

Við viljum skapa konum jafnt sem körlum tækifæri til að marka sín eigin spor í sterkara samfélagi. Og við munum setja jafnréttismálin í forgang með því að setja þau undir verksvið forsætisráðuneytisins.

Á mörgum sviðum jafnréttismála höltrum við á eftir öðrum þjóðum. Það á að vera verkefni Samfylkingarinnar að gera Ísland að fyrirmyndarsamfélagi á sviði jafnréttismála.

Samfylkingin er sá flokkur sem best hefur sinnt málefnum eldri borgara á liðnum árum. Nú leggjum við fram af miklu stolti tillögur um verulegar kjarabætur eldri borgara. Við leggjum til hærra frítekjumark og lægri skatta á lífeyristekjur.

Samfylkingin er eini flokkurinn sem þorði að taka hátt matarverð á dagskrá í íslenskum stjórnámálum og benda á mikilvægi breytinga á landbúnaðarkerfi og verndartollum.

Lækkun virðisaukaskatts á matvæli er skref en þau þurfa að verða fleiri til góðs fyrir fjölskyldurnar í landinu. Þar ber hæst afnám tolla og vörugjalda samhliða mótvægisáðgerðum sem koma bændum til góða og skapa þeim ný sóknarfæri.

Samfylkingin er sá flokkur sem mótað hefur heildstæðustu stefnuna í umhverfismálum. Þingflokkurinn gaf út Fagra Ísland í ágúst 2006 þar sem kveðið er á um friðun mikilvægustu náttúrusvæða landsins, gerð rammaáætlunar um náttúruvernd, mótun leikreglna um nýtingu náttúruauðlinda og lýðræðslegri umgjörð ákvarðana á þessu sviði.

Fagra Ísland er nú orðin sú Lilja sem aðrir flokkar vildu kveðið hafa, þeirra á meðal Vinstri græn sem tóku beint upp tillögur Samfylkingarinnar um þessa aðferðafræði og því ber að bagna.

Samfylkingin hefur verið í forystu fyrir umræðu um ábyrga auðlindanýtingu sem byggir á gjaldtöku fyrir aðganginn að auðlindum í þjóðareign, hvort sem um er að ræða jarðvarma, vatnsafl eða fiskinn í sjónum.

Samfylkingin er eini flokkurinn sem leggur fram nýjar lausnir fyrir hátækniðnað, sprotafyrirtæki og nýsköpun í landinu. Þegar sprotafyrirtækin báru saman stefnu flokkanna á Sprotabingi fyrir nokkrum vikum röðuðu þau tillögum Samfylkingarinnar í þrjú efstu sætin; það segir sína sögu. Aðrir flokkar hafa skoðun, við höfum stefnu, stefnu sem virkar.

Samfylkingin leggur áherslu á að standa vörð um ímynd Íslands vegna þess að hún er lykillinn að hagsæld og farsæld lands og þjóðar. Ísland er land tækifæranna, herlaust og vopnlaust með alla sína endurnýjanlegu orkugjafa, stórbrotna náttúru og víðerni, sjávarauðlindir og mannauð.

Í þessu felst mikil auðlegð sem mun ávaxta sig vel ef rétt er á málum haldið. Stuðningurinn við innrásina í Írak var atlega að ímynd Íslands –Vanhugsaðar ákvarðanir í virkjana- og stóriðjumálum geta líka vegið að ímynd okkar og dregið úr framtíðarmöguleikum þessarar þjóðar til að vernda verðmæt náttúrusvæði og nýta orkulindir með sjálfbærum hætti í þágu atvinnulífs framtíðarinnar.

Verðmæti endurnýjanlegra orkugjafa fer stöðugt vaxandi í heimi sem er ógnað af loftslagsbreytingum vegna mengunar og brennslu jarðefnaeldsneytis. Við eigum að nýta sérfræðipækkingu okkar á þessu sviði til að styrkja stöðu okkar í alþjóðlegum rannsóknum og vísindum og gera þá þekkingu að útflutningsverðmæti.

Samfylkingin er eini flokkurinn sem hefur haft skýra sýn til framtíðar á hlutverk Íslands í samfélagi þjóða og varnir gegn vá hér heima. Mest váin sem steðjar að Íslandi er ekki ímyndaðir óvinir þeirra sem sakna mest kalda stríðsins, heldur umhverfisslys í hafinu við landið og þau ófyrirséðu áhrif sem hlýnun loftslags jarðar geta haft á umhverfi okkar og veðurfar. Við metum raunverulega vá og skirrumst ekki við því að axla ábyrgð í samvinnu við aðrar lýðræðisþjóðir.

Kæru samherjar, kæru vinir.

Það er í senn heiður og styrkur Samfylkingarinnar að tilheyra alþjóðlegri hreyfingu jafnaðarmanna og við leggjum áherslu á innihaldsríka þátttöku í samstarfi norrænna jafnaðarmannaflokka. Þessara glæsilegu stjórnmálaflokka sem byggt hafa upp bestu samfélög nútímans sem allir horfa til og vilja líkja eftir.

Á þessum landsfundi fögnum við tveimur glæsilegum foringjum norrænna jafnaðarmanna sem slást í okkar hóp í dag. Helle Thorning Schmidt og Mona Sahlin eru hingað komnar til að sýna íslenskum jafnaðarmönnum samstöðu og blása okkur eldmóð í brjóst.

Alls staðar á Norðurlöndum eru jafnaðarflokkarnir sú kjölfesta sem tryggt hefur vöxt og viðgang hins norræna velferðarsamfélags. Í áratugi dreymdi okkur um slíkan flokk á Íslandi sem gæti veitt Sjálfstæðisflokknum pólitískt aðhald og hægri sinnaðri einstaklingshyggju hugmyndalega samkeppni. Samfylkingin er sá flokkur.

Afl Samfylkingarinnar mun því ráða úrslitum í kosningunum 12. maí. Þá verður kosið um framtíðina. Nú sem aldrei fyrr þarf hver einasti maður og hver einasta kona að ígrunda atkvæði sitt vandlega. Það má ekki henda vel meinandi og framsækið fólk að atkvæði þess skipti engu máli þegar upp úr kössunum verður talið. Þúsundir atkvæða gætu fallið dauð á kjördag og hið óbreytta ástand varað áfram enn í fjögur ár vegna þessara atkvæða.

Afl allra atkvæða verður að nýtast og trygging þess er að kjósa Samfylkinguna. Það er ekki flóknara en svo.

Verum minnug þess að framtíðin er í húfi, framtíð barnanna okkar, framtíð okkar allra. Samfylkingin er tilbúin að hefja nýja sókn við endurreisn velferðarkerfisins, nýja sókn þar sem jafnvægi og framfarir verða okkar leiðarljós.

Kæru vinir.

Fjölmarginir hafa unnið frábært starf að undirbúningi þessa fundar og vil ég færa þeim öllum þakki mínar og flokksins. Þá vil ég nota þetta tækifæri til að þakka þeim þingmönnum Samfylkingarinnar sem nú hverfa af þingi fyrir störf þeirra í þágu flokks og þjóðar.

Í dag og á morgun treystum við böndin og búum okkur undir þá baráttu sem framundan er. Héðan höldum við hlaðin orku, vonum og væntingum og tökum til við að miðla okkar góða boðskap til þjóðarinnar, tala við fólk, vera óþreytandi talsmenn jafnaðarstefnunnar. Við höfum 30 daga til þess. Nýtum þá.

Ég segi landsfund Samfylkingarinnar settan.